

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu fyrir Sauðárkrók.

1. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorphirðunargjald).

2. gr.

Gjald fyrir íbúðir og íbúðarhúsnæði, sbr. 7. gr. samþykktar nr. 97/1995 um sorphirðu hjá Sauðárkrókskaupstað, er sem hér segir.

Vegna fyrsta íláts	kr.	4.000
--------------------	-----	-------

Vegna hvers viðbótaríláts	kr.	3.000
---------------------------	-----	-------

Gjald þetta er innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Bæjarstjórn Sauðárkróks innheimtir sorphirðunargjald hjá þeim fyrirtækjum, stofnunum og öðrum sem nota urðunar- og söfnunarsvæði bæjarins, sbr. 6. gr. samþykktar nr. 97/1995 um sorphirðu hjá Sauðárkrókskaupstað.

Fyrirtækjum er raðað í flokka, samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar, miðað við magn og umfang úrgangs.

Flokkunin er sem hér segir:

Flokkur 1	kr.	4.000
Flokkur 2	kr.	25.000
Flokkur 3	kr.	75.000
Flokkur 4	kr.	150.000
Flokkur 5	kr.	300.000

Gjalddagar eru tveir, 1. mars og 1. maí. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Sauðárkrókskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytið, 23. febrúar 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.